



Lestur

er lykill að þekkingu
og betri framtíð

Lestur er lykill að þekkingu

Lestur er lykill að betri framtíð



Öngu áður en barn byrjar í skóla vaknar áhugi þess á lestri. Ástæðan er eflaust sú hve letur og lesmál er ríkur þáttur í umhverfi okkar og menningu. Þessi áhugi barnsins er sá jarðvegur sem lestrarnám vex upp úr. Heimilið er sá staður sem eykur frjósemi hans og það skiptir miklu fyrir námið. Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna í flestu og þar er lestur engin undantekning. Þess vegna skiptir máli að foreldrar

- lesi og fari höndum um bækur, blöð og annað lesefni og það sé hluti af daglegu lífi
- ræði um það sem lesið er, svo sem áhugaverða frétt eða skemmtilega frásögn
- sýni hvernig hægt er að afla margs konar upplýsinga með lestri úr ýmsum miðlum, svo sem bókum, blöðum, skjátexta eða á öðru rafrænu formi
- sýni áhuga á því lesefni sem barnið fæst við hverju sinni, t.d. myndabækur eða lestrarbækur.

Þegar barn fer að ganga í skóla er mikilvægt að kennari fái góða mynd af stöðu þess. Í *Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999*, sem hefur ígildi reglugerðar, er kveðið á um lestrarskimun í fyrstu bekkjum grunnskólans. Tilgangurinn með þessari skimun er sá að koma í veg fyrir hugsanlega erfiðleika sem fram kynnu að koma síðar. Kennari notar niðurstöðurnar til að skipuleggja og haga kennslu í samræmi við þarfir hvers og eins nemanda og veita foreldrum traustar upplýsingar um lestur barnanna. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því að hér er ekki um próf að ræða í venjulegum skilningi heldur athugun á ákveðnum þáttum, svo sem málskilningi og hljóðvitund, sem hvort tveggja eru afar mikilvæg atriði fyrir lestrarnám.

Hér á eftir verður fjallað í örstuttu máli um nokkrar leiðir sem foreldrar gætu farið til að styrkja lestrarnám barna sinna.

Lesið fyrir börnin



Lestir foreldrar lesa fyrir barnið sitt frá unga aldri og margir foreldrar og börn minnst þeirra stunda sem bestu samverustunda sinna. Þarna fer fram ómetanlegur undirbúningur fyrir lestrarnámið. Það er afar gott veganesti ef tekist hefur að skapa með barninu það viðhorf að lestur sé áhugavert viðfangsefni sem hægt sé að hafa bæði gagn og gaman af.

Þegar lesið er fyrir barn lærir það ómeðvitað ýmislegt sem gagnast því síðar við lestrarnámið. Það lærir að hlusta og einbeita sér á annan hátt en þegar talað er við það. Lestur styrkir og eflir orðaforða og eykur þekkingu og reynslu, en þetta eru allt atriði sem skipta miklu máli fyrir lestur og skilning. Því er mikilvægt að barnið og hinn fullorðni lesi og ræði ýmislegt sem lesturinn gefur tilefni til. Sem dæmi má nefna:

- Skoða og ræða útlit bókarinnar.
- Hvaða vísbendingar gætu myndir á bókarkápu gefið um efni hennar?

- Er talað um höfund bókarinnar?
- Tala um hugtök eins og blaðsíða, efst/neðst á síðu, línur, orð.
- Staldrá við í lestrinum og ræða persónur, atburði, framvindu í sögunni, svo sem velta því fyrir sér hvað muni gerast næst.
- Tala um merkingu einstakra orða ef barnið spyr eða ástæða er til svo barnið skilji það sem fram fer.
- Finna orð í textanum sem barnið kann að þekkja, skoða þau og lesa.
- Finna staf barnsins og eða annarra í fjölskyldunni.
- Skoða ákveðið orð og hjálpa barninu að finna orðið annars staðar í textanum.

Málskilningur – málvitund

Góður orðaforði skiptir miklu fyrir málskilning. Þekking á orðum léttir lestur og hjálpar til við að ráða í efnið. Málvitund felst m.a. í því að gera sér grein fyrir að setning er gerð úr orðum og orð úr stöfum og hljóðum þeirra. Unnt er að sinna þessum þáttum með því að

- leyfa barninu að telja orð í setningu
- leyfa því að telja stafi í orði
- klappa nöfn sem barnið þekkir vel (Páll = eitt klapp, Lára = tvö klöpp, Sigurður = þrjú klöpp)
- skoða orð og gera sér grein fyrir að sum orð eru stutt en önnur löng
- leyfa barninu að ljúka við setningu með því að bæta við síðasta orði, t.d. þegar lesnar eru sögur þar sem sömu setningar koma oft fyrir. Einnig má skipta um hlutverk. Barnið segir setningu og sleppir síðasta orði sem foreldri finnur
- skoða hvernig hægt er að búa til eitt orð úr tveimur eða fleiri orðum
- ræða saman um það sem lesið hefur verið eða er verið að lesa.

Hljóðvitund

Fin mikilvægasta undirstaða lestrarnáms er að vera fær um að greina hljóð og hljóðasambönd. Margar lestrarkennsluaðferðir byggja á þessari greiningu. Þetta má auðveldlega æfa með ungum börnum. Foreldrar geta sinnt þessum þætti með því að

- vekja eftirtekt barnsins á ýmsum hljóðum í nánasta umhverfi
- syngja með barninu
- fara með þulur og vísur þar sem rím er sterkt
- fara í rímleiki, t.d. nefna orð og finna annað/fleiri orð sem ríma við það, tilvalinn leikur í löngum bílferðum
- segja stutta setningu og finna aðra setningu þar sem síðasta orð rímar við síðasta orð fyrri setningar
- finna orð sem byrja á sama hljóði, t.d. sama hljóði og nafn barnsins
- finna nokkur orð sem byrja á ákveðnu hljóði
- taka fyrsta hljóð orðs í burtu og mynda þannig nýtt orð, svo sem bók - ók, súr - úr, Palli - Alli, kaup - kaup.

Lestur í daglegu umhverfi



Umhverfi barna er margt sem kallar á lestur af ýmsu tagi. Tilvalið er að nota þetta „lesefni“ til þess að tala við börnin um merkingu orða eða tákna þannig að þau átti sig á að táknin og orðin standi fyrir eitthvað sem við getum sagt. Í því felst ágætur undirbúningur fyrir lestrarnámið. Mörg börn á leikskólaaldri eru líka mjög upptekin af þessu lesmáli. Þannig er hægt að nota

- skilti sem gefa til kynna ýmis heiti, svo sem á bæjum, götum, verslunum
- merki og tákn fyrir vöru og hluti sem eru áberandi í umhverfinu, t.d. tákn fyrir bílategund, bensínstöðvar, gangbrautarkerki
- einstaka orð, t.d. á morgunkorninu, mjólkurfernunni, brauðumbúðunum, smjördollunni.

- heiti á uppáhaldsbók eða sjónvarpsþætti. Til að mynda má nota þetta til að lesa sjónvarpsdagskrá með barninu og velja þætti sem það hefur áhuga á að sjá næsta dag eða velja aðra bók eftir höfund eftirlætisbókar
- póstinn sem berst inn á heimilið
- skilaboð milli heimilismanna sem e.t.v. eru fest á ísskáp eða töflu.

Það er áhugavert fyrir foreldra að fylgjast með ferð barna sinna í átt til læsis. Gaman er að skrá skrefin hjá sér í litla bók og einkar fróðlegt að sjá að margt kemur í góðar þarfir í lestrarnáminu við upphaf grunnskóla. Gleymum aldrei að lestrarnámið hefst á heimilinu og síðar verður það sameiginlegt hlutverk heimila og skóla að sjá um lesturinn. Lesum fyrir börnin þó svo þau séu farin að lesa. Lesum með börnunum þannig að unnt sé að ræða saman um það sem þau eru að lesa. Hvetjum börnin til að lesa og leyfum þeim að finna að lestur þeirra vekur áhuga hinna fullorðnu.